

Umgengnisreglur fyrir Íþróttamiðstöð og Íþróttavelli Sveitarfélagsins Voga

Almenn umgengni og háttsemi

- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur þessar í íþróttamannvirkjum Voga, þ.e. íþróttamiðstöð og íþróttavelli.
- Viðburðir á vegum einkaaðila geta farið eftir öðrum reglum en almennt íþróttastarf; leigutaki ber ábyrgð á að kynna og virða þær reglur.
- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur viðkomandi svæðis. Markmiðið er að tryggja jákvæða upplifun og öryggi fyrir alla notendur.
- Notendur skulu ganga snyrtilega um mannvirki og útsvæði og ganga frá eftir sig.

Hreinlæti

- Gestir íþróttamiðstöðvar skulu ganga þrífalega um og bera virðingu fyrir eigum annarra. Skulu gestir henda öllum úrgangi í viðeigandi ílát og stuðla að því að aðstaðan haldist hrein og snyrtileg.
- Iðkendur skulu nota viðeigandi skófatnað í íþróttasölum íþróttamiðstöðvar sem ætlaðir eru fyrir innanhússnotkun.

Öryggi

- Öryggisreglur sundstaða skulu virtar til fulls, og neyðarútgangar skulu vera óhindraðir.
- Gestir skulu fylgja fyrirmælum starfsmanna varðandi öryggi.

Notkun búnaðar og mannvirkis

- Notendur skulu nota búnað og mannvirki í samræmi við leiðbeiningar og skila honum í góðu ástandi. Skemmdir skal tilkynna umsvífalaust til umsjónaraðila.
- Tímar sem bókaðir eru fyrir æfingar eða viðburði skulu virtir, og notendur skulu ganga frá búnaði á réttan stað að lokinni notkun.

Neysla matar og drykkjar

- Óheimilt er að neyta matvæla eða nota tyggigúmmí í íþróttasal á meðan á íþróttæfingum stendur, en er þó leyfilegt þegar kappleikir fara fram.
- Iðkendum er heimilt að neyta vatns eða íþróttadrykkja við æfingar.
- Áhorfendum er heimilt að neyta matar og drykkjar á merktum svæðum fyrir áhorfendur.

Nikótínvörur, áfengi og önnur vímuefni

- Notkun áfengis, vímuefna, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil iðkendum, þjálfurum og gestum í skipulögðu íþróttastarfi í íþróttamiðstöð og á íþróttavöllum.
- Einstaklingar sem gerast uppvísir að broti á þessari reglu og eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er vísað úr íþróttamiðstöðinni og/eða íþróttavöllum.

Ábyrgð á persónulegum eigum.

Notendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Hvorki Íþróttamiðstöðin né íþróttavöllirnir bera ábyrgð á töpuðum eða skemmdum persónulegum eigum einstaklinga.

Önnur ákvæði

Iðkendum og íbúum Sveitarfélagsins Voga er heimilt að nýta íþróttasal íþróttamiðstöðvar og æfingasvæði íþróttavalla utanhúss þegar aðstaðan er laus og ekki er skipulagt íþróttastarf í gangi. Notendur skulu láta starfsfólk vita áður en farið er inn í íþróttasal og ganga snyrtilega frá að lokinni notkun.